

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 21. júlí 2022
UST202206-177/A.B.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Kringla - Frístundabyggð - Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Kringlu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir sjö lóðum á 8,6 ha svæði. Auk þess segir að á frístundalóðum sé nýtingarhlutfall lóðar ekki hærra en 0,03 og þar sem er heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 m², þ.e.a.s. ef engir skúrar eða aukahús eru þar fyrir.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan virðist ná til svæðis sem er á náttúruminjaskrá og nefnist það *Porkelsholt – Hamrar* og er svæðinu lýst sem víðáttumiklu votlendissvæði, sem virðist að talsverðu leyti óskert. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að að fjallað sé um svæðið í greinargerð og á uppdætti.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og runnamýrarvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur að tillagan muni raska vistgerðunum og hafa neikvæð áhrif á þær og mikilvægt sé að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Mikið hefur verið gengið á votlendi Íslands á undanförunum áratugum, m.a. með framræslu og því mikilvægt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt votlendissvæða. Votlendi hafa margvíslegt gildi eins og vatnsfræðilegt gildi, næringarfræðilegt gildi og vistfræðilegt gildi. Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og

plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.¹

Stofnunin vill að auki vekja athygli á að í *Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum*² eru verndun og endurheimt votlendis hluti þeirra aðgerða sem ætlað er að draga úr losun og auka bindingu með bættri landnotkun (LULUCF).

B-hluti náttúruminjaskrár

Að auki bendir stofnunin á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Laugarvatn-Apavatn-Brúará er eitt þessara svæða og er tilnefnt vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla en svæðið nær til 100 m verndarjaðars umhverfis Apavatn.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar um Apavatn til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>